

Fagráðsfundur

Mættir: Emil Lárus Sigurðsson, Helga Gottfreðsdóttir, Súsanna Ástvaldsdóttir, Snorri Björnsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Unnur Þóra Högnadóttir og Örn Ragnarsson

Jón Steinar Jónsson var gestur fundarins og Arna Þórdís Árnadóttir skrifar fundargerð

Dagskrá :

1. Greiðslulíkan Heilsugæslunnar í dreifbýli - Jón Steinar Jónsson yfirlæknir á ÞÍH
2. Gagnagrunnar Heilsugæslunnar
3. Önnur mál

Emil byrjar á að kynna fyrir fagráði nýja stöðu sem verið er að ráða í hjá ÞÍH. Um er að ræða verkefnastjórstöðu til eins árs í innleiðingu á verklagi útfrá lögum um farsæld barna. Fjármagn hefur borist frá Heilbrigðisráðuneytinu í þessa stöðuveitingu. Ráðning ætti að koma á hreint innan fárra daga.

Jón Steinar Jónsson kemur sem gestur inn á fundinn og kynnir vinnu sem hefur átt sér stað í kringum fjármögnunarlíkan heilsugæslu og þá sérstaklega á landsbyggðinni.

Jón Steinar kynnir áherslur hópsins og hvað þarf að skoða sérstaklega varðandi líkanið fyrir landsbyggðina. Fjármagnslíkan getur beinlínis skaðað þjónustu þar sem aðstæður á landsbyggð eru mjög mismunandi.

Megin niðurstaða sú að kostir frekar fáir fyrir heilsugæsluna úti á landi en ókostirnir umtalsverðir. Mikilvægt er að Heilbrigðisráðuneytið í samvinnu við bæði fallega og rekstrarlega aðila heilbrigðisstofnana sem líkanið nær til, endurskoði markmiðin með líkaninu og lagi það að þeim markmiðum.

Athugasemdir frá fagráði:

- Ekki er tekið tillit til hvernig við eigum að manna, það fer mikið í það að endurþjálfa og þjálfa nýja þegar það eru mikil mannaskipti. Það er til dæmis raunin víða úti á landi þar sem læknar eru ráðnir í verktakavinnu í mislangan tíma.
- Bólusetningar – Stöðvum er refsað fyrir að hafa ekki bólusettingu nógu marga og það er kannski ekki raunin heldur fólkið farið úr landi.
- Túlkaþjónustan. Flóknar skráningar til að fá greitt eftir fjármögnunarlíkani. Snýst of mikið um að skrá eftir duttlungum líkansins. Auðvitað eigum við að skrá og setja í ákveðna reiti en sumt eins og túlkaþjónusta sem hafa ekkert með málið að gera.
- Það vantar skilning á vaktinni – HSS er t.d. með allt Reykjanesið.
- Vantar miklu meiri tengingu og skilning og samtal um hvað er virkilega verið að gera
- Þarf að setja inn sólarhringsvaktir.
- Virðist stundum sem það hafi verið ákveðið hvaða fjármagn eigi að fara hvert og líkanið aðlagð að því.
- Ekki hægt að nota sama líkan á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi en það er hægt að nota sama líkan fyrir eins manns hérað og 20.000 manna hérað?

- Jón Steinar – leggur til að fagráðið sendi erindi til Heilbrigðisráðuneytisins og óska eftir samtali um þetta fjáröflunarlíkan. Hvort það eigi að fjármagna heilsugæsluna með öðrum hætti eða endurskoða líkanið verulega.
- Emil leggur til að taka punktana frá JS og af þessum fundi og óska eftir samtali við Heilbrigðisráðuneytið

Gagnagrunnar

- Erum enn bara með aðgang að HH grunni
- Búið að óska eftir og fengið jákvæð viðbrögð en ekkert komið ennþá.
- Fulltrúar fagráðs á heilbrigðisstofnunum ætla að halda áfram að ýta á þetta mál.

Önnur mál

- Spurt er um aðkomu ÞÍH að námskeiði sem Erla Björnsdóttir er að bjóða sumum heilbrigðisstofnunum aðkomu að samstarfi. Komið er á framfæri óánægju með að einkareknum stöðvum hafi ekki verið boðin aðkoma.
 - Þetta námskeið er ekki á vegum ÞÍH heldur kemur beint frá Betri svefni. Efni sem er á heimasíðu ÞÍH er efni sem Erla Björns vann í samstarfi við heilsueflandi móttökur hjá ÞÍH og er aðgengilegt öllu fagfólki heilsugæslu.
- Talað er um ljósmæðranema úti á landi – vantar oft aðstöðu til að taka á móti þeim.
- Spurt er hvort ÞÍH sé að vinna að því að gera aðgengilegar meðferðir og ráðleggingar á netinu – hvort verið sé að vinna markvisst að því að koma fræðslupökkum út á land sem starfsfólk getur nýtt sér í þjónustu við skjólstæðinga sína?
 - Já – það er verið að minna að því markvisst – meðal annars í gegnum heilsueflandi móttökur.
 - Lögð áhersla á að það væri gott að hafa efni aðgengilegt fyrir starfsfólk til að afhenda skjólstæðingum.
 - við erum að sinna leiðbeiningum fyrir fagfólk en við þyrftum að geta aðstoðað betur og markvissara og við erum að vinna að því.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 14.20